

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald, skv. gjaldskrá þessari, sbr. 11. gr. samþykktar um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra nr. 910/2004.

2. gr.

Rotþróargjald árið 2011 skal vera eftirfarandi:

Rotþró	0-2.000 lítra	kr.	6.917	pr. þró
Rotþró	2.001-4.000 lítra	kr.	8.278	pr. þró
Rotþró	4.001-6.000 lítra	kr.	9.866	pr. þró
Rotþró	6.001 lítra og stærri	kr.	2.608	pr./m ³

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða minni.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra 2. desember 2010, með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra nr. 910/2004, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 178/2010.

Hvammstanga, 18. janúar 2011.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.